

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti að legu Arnarnesvegur í Garðabæ og Kópavogskaupstað frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þ. 25. þ. m. staðfest uppdrátt að legu Arnarnesvegur í Garðabæ og Kópavogskaupstað frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórnnum Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 423.

29. nóvember 1977.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet.

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí 1978 er bannað að stunda veiðar með þorskfisknetum án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bundið leyfi skv. 1. gr. við ákveðnar stærðir eða tegundir skipa og að öðru leyti sett þær reglur um úthlutun leyfisbréfa, er þurfa þykir, meðal annars að ekki fái leyfi þau skip, er á ákveðnu tímabili hafa stundað aðrar veiðar eins og t. d. loðnuveiðar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett í leyfisbréf þau skilyrði, er þurfa þykir um veiðarnar, þ. á m. um meðferð afla, skýrslugerð og önnur atriði til að tryggja gæði hráefnis og eftirlit með því að reglum um netaveiðar verði fylgt.

4. gr.

Allar veiðar með þorskfisknetum skulu bannaðar í 10 daga á vetrarvertíð árið 1978 og auglýsir sjávarútvegsráðuneytið með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara á hvaða tímabili bann þetta skuli gilda.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, sem rísa af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiski-